

LÖG

um breyting á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 31. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þó er ekki skylt að leita umsagnar barnaverndarnefndar ef umsækjendur hafa fengið útgefið forsamþykki á síðustu fjórum árum og umsókn þeirra um ættleiðingu er til umfjöllunar hjá erlendu ættleiðingar-yfirvaldi nema hagir umsækjenda hafi breyst verulega að mati sýslumanns.

2. gr.

Fyrri málslíður 3. mgr. 32. gr. laganna orðast svo: Forsamþykki skal ekki gilda lengur en í þrjú ár frá útgáfudegi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Úr umsóknum um forsamþykki sem borist hafa sýslumanni fyrir gildistöku laga þessara skal leysa samkvæmt lögum þessum.

Gjört á Bessastöðum, 5. júní 2008.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.